

3. fundur nefndar um málefni framhaldsnámsdeildar í Vestur-Barðastrandarsýslu haldinn á bæjarskrifstofum Vesturbyggðar 9. október klukkan 16:00.

Mætt voru: Ingibjörg Inga, Sveinn, Jón B G, Anna, Nanna, Ingólfur.

Dagskrá lá fyrir fundinum.

1. Lokayfirferð skýrslunnar.

Farið var í gegnum skýrsluna, Ingibjörg Inga (I I) skýrði frá því að hún hefði fengið Eyþór Benediktsson í Stykkishólmi til að lesa skýrsluna yfir og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara. Hann kom með ýmsa punkta sem tekin var afstaða til. I I hafði einnig rætt við aðila innan menntamálaráðuneytisins og fengið upplýsingar um þætti sem snerta rekstur framahaldsskóla. Skýrslan rædd vítt og breitt, endanleg skýrsla verður tilbúin í þessari viku.

2. Tími í Menntamálaráðuneyti,

I I skýrði frá því að hún hefði pantað viðtalstíma hjá Menntamálaráðherra, sá fundur er settur á 18. október en ekki hefur enn fengist staðfesting frá ráðuneytinu um að sú dagsetning standi óhöggðu. I I lagði fram drög að starfsleyfisumsókn vegna starfsemi framhaldsdeildar á Patreksfirði sem afhenda á ráðherra. Farið var yfir drögin og þau samþykkt lítið breytt.

3. Undirbúningur fundar með þingmönnum kjördæmisins.

Ákveðið var að boða til fundar með þingmönnum kjördæmisins sama dag og fundað verður með ráðherra, þann 18. október, og kynna þeim málið.

4. Önnur mál.

Nefndin hvetur bæjarstjórn Vesturbyggðar til að kanna sem allra fyrst hvaða húsnæði á Patreksfirði gæti hentað starfseminni þannig að búið verði að finna hentugt húsnæði þegar og ef leyfi fæst fyrir starfsemi framhaldsdeildar.

Fleira ekki gert

Ingólfur Kjartansson
ritari